

REGLUGERÐ

um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan
óskattskyldra fyrirtækja og stofnana

I. KAFLI

Skattskyld starfsemi og tilkynningarskylda.

1. gr.

Fyrirtæki, félög, stofnanir og aðrir aðilar sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skulu greiða virðisaukaskatt í ríkissjóð af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota eins og nánar er ákveðið í reglugerð þessari. Um skattskyldu sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana, og ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, annarra en banka viðskiptabanka í eigu ríkisins, fer þó eftir ákvæðum reglugr. reglugerðar nr. 561/248/1989 1990, um greiðslu virðisaukaskatts virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi sveitarfélaga og annarra opinberra stofnana aðila.

2. gr.

Eftirtalin starfsemi er skattskyld samkvæmt reglugerð þessari að svo miklu leyti sem hún er í samkeppni við atvinnufyrirtæki:

1. Smíði, viðhald og viðgerðir véla, tækja, húsgagna og áhalda í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð.
2. Rekstur þvottahúss, prentstofu og mótuneytis.
3. Ræsting, enda sé skattverð, ákvarðað skv. 2. tölul. 3. gr., 400.000 kr. eða meira á ári.
4. Þjónusta þar sem krafist er iðnmenntunar.
5. Þjónusta verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda, tölvunarfræðinga og annarra stétta sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífinu og lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.

6. Öryggisvarsla, önnur þ.e. en eftirlit almenn með skrifstofuþjónusta verðmætum og starfsemi, utan venjulegs opnunartíma.

Til eigin þjónustu eða starfsemi í þessu sambandi telst einnig ráðning aðila til tímabundinna verkefna innan fyrirtækis eða stofnunar, t.d. ráðning iðnaðarmanns til þess að annast virðisaukaskattsskyldar eigin viðgerðir eða framkvæmdir.

Starfsemi telst vera rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki samkvæmt reglugerð þessari þegar viðkomandi vara eða þjónusta er almennt í boði hjá virðisaukaskattskyldum atvinnufyrirtækjum og skiptir ekki máli í því sambandi hvort eða hve mikið aðili selur af slíkum vörum eða þjónustu til annarra. Almennt skrifstofuhald, þ.m.t. færsla eigin bókhalds og rafræn gagnavinnsla í eigin þágu, telst ekki vera í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

3. gr.

Skattverð þeirrar starfsemi sem fellur undir reglugerð þessa ákvarðast þannig:

1. Fari starfsemi fram í sérstakri þjónustudeild skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Við skil á skatti í ríkissjóð skal innskattur af aðföngum dreginn frá útskatti samkvæmt almennum reglum.
2. Séu vörur framleiddar eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota án þess að slík starfsemi fari fram í sérstakri þjónustudeild, sbr. 1. tölul., skal miða skattverð við kostnaðarverð þess hluta heildarkostnaðarins sem ekki hefur verið greiddur virðisaukaskattur af við kaup á aðföngum eða við færslu frá eigin þjónustudeildum, sbr. 1. tölul. Með kostnaðarverði skal telja bein laun og annan beinan kostnað auk álags vegna launatengdra gjalda og annars sameiginlegs kostnaðar samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

4. gr.

Hver sá sem skattskyldur er samkvæmt reglugerð þessari og lögum um virðisaukaskatt skal tilkynna til skattstjóra Skattsins um starfsemi sína í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 50/1988. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um þá bókhaldsreikninga er tengjast hinni skattskyldu starfsemi eftir nánari ákvörðun ríkisskattstjóra.

II. KAFLI

Bókhald.

5. gr.

Bókhaldi aðila skv. 1. gr. skal haga þannig að bókhaldsreikningar séu auðkenndir eða aðgreindir í eftirfarandi meginflokk:

1. Skattskyld starfsemi eða þjónustudeildir sem fyrst og fremst framleiða vörur eða inna af hendi þjónustu til eigin nota, sbr. 1. tölul. 3. gr.
2. Skattskyld starfsemi sem ekki fer fram í sérstakri þjónustudeild, sbr. 2. tölul. 3. gr.
3. Starfsemi sem ekki er skattskyld.

Bókhaldinu skal haga þannig að auðvelt sé á hverjum tíma að kanna þann grundvöll sem útreikningur á virðisaukaskatti er byggður á.

6. gr.

Þjónustudeildir, sbr. 1. tölul. 3. gr., skulu haga skráningu á framleiðslu og afhendingu vara og veittri þjónustu með fyrirfram skipulögðum hætti, svo sem með skráningu á vöruúttekt, vinnustundum og öðrum upplýsingum sem geta verið grundvöllur að uppgjöri á virðisaukaskatti.

7. gr.

Aðilar skulu í bókhaldi sínu aðgreina bókhaldsreikninga vegna starfsemi skv. 2. tölul. 3. gr. annars vegar í reikninga yfir aðföng með virðisaukaskatti og hins vegar reikninga yfir aðföng án virðisaukaskatts.

8. gr.

Aðilar skulu að öðru leyti en fyrir er mælt í reglugerð þessari haga bókhaldi sínu og skráningu viðskipta eftir ákvæðum reglugerðar nr. ~~501/50/1989~~ 1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Útskattur af skattskyldri veltu samkvæmt reglugerð þessari skal reiknaður og stemmdur af við bókhald eftir hvert uppgjörstímabil. Við slíka afstemmingu skulu m.a. liggja fyrir upplýsingar um heildarkostnað við þá starfsemi sem skattskyld er skv. 2. tölul. 3. gr. Hliðstæð afstemming skal fara fram á innskatti að því leyti sem hann er frádráttarþær frá útskatti samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Fjárhæð sú sem um ræðir í 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekur árlega sömu hlutfallslegu breytingu og byggingarvísitala sú er öðlast gildi 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 42/1987. Grunnfjárhæð þessi miðast við vísitölu 1. október 1987, þ.e. 102,4 stig.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 3. gr. og 23. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og öðlast gildi 1. janúar 1990.

- Ólafur Ragnar Grímsson. -

- Snorri Olsen. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.